

STJÓRNARTÍÐINDI A 26 — 1982

31. desember 1982.

145

Nr. 90.

LÖG

um breyting á lögum nr. 87 1971 um orlof.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Orlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær greitt kaup eða hann er í orlofi. Sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar né heldur fyrstu 5 laugardagar í orlofi.

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Orlof samkvæmt lögum þessum skal veitt í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. september. Heimilt er í kjarasamningum stéttarfélaga að kveða á um skemmra orlof á fyrrgreindu tímabili, þó að lágmarki 14 daga á sumarorlofstímabilinu, ef sérstakar rekstrarástæður gera það brýnt. Nú nýtur orlofsþegi eigi lengri orlofsréttar en lög þessi kveða á um, og skal þá sá hluti orlofsins, sem tekinn er utan orlofstímabilsins, lengjast um $\frac{1}{4}$, ef orlof er tekið utan orlofstímabilsins að ósk atvinnurekandans.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 10.17% af launum.

4. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda við töku orlofs fyrir orlofsárið 1. maí 1982 til 30. apríl 1983 en 3. gr. tekur gildi 1. desember 1982.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

A 19